

Vegagerðin
Auðunn Hálfðánarson
Borgarbraut 66
310 Borgarnes

2001040029
3609; 9310

Reykjavík, 26. apríl 2001
/--

Efni: Færsla Hringvegjar við Bifröst, Borgarbyggð. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 26. mars sl. til Borgarbyggðar þar sem óskað er eftir leyfi til framkvæmdar vegna vegagerðar á um 400 m kafla Hringvegjar um Bifröst í Borgarbyggð og fundar Skipulagsstofnunar og Vegagerðarinnar þann 3. apríl sl.

Samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000, nánar tiltekið tl. 10 b., er kveðið á um að enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum kunnri að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Skipulagsstofnun hóf því málsmeðferð skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði álits Borgarbyggðar og barst umsögn frá sveitarstjórn með bréfi dags. 5. apríl 2001. Afrit af umsögn Náttúruverndar ríkisins til Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir ofangreinda framkvæmd barst Skipulagsstofnun þann 9. apríl 2001. Þar kemur fram álit Náttúruverndar ríkisins á matsskyldu framkvæmdarinnar. Frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila bárust Skipulagsstofnun 18. apríl 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð er breyting á legu Hringvegjar við Bifröst, Borgarbyggð. Um er að ræða færslu vegarins til austurs á um 400 m kafla frá Bifröst að Hreðavatnsskála og er hámarksfærsla hans 50 m frá núverandi vegi. Vegurinn verður hannaður með það í huga að næg sjónlengd verði, m.a. með tilliti til aðkomu að Hreðavatnsskála í framtíðinni. Nýtt vegstæði mun taka af krappan og snjóþungan veghluta og rýmka fyrir fyrirhugaðri stækkun byggðar á Bifröst. Áætluð heildarefnisþörf vegna framkvæmdarinnar er 6500 m³. Þar af verða teknir 5000 m³ úr skeringum og um 1500 m³ úr námum í grenndinni. Fyrirhugaður vegur mun liggja um Grábrókarhraun **sem** er á

náttúruminjaskrá og einnig er hraunið landslagsgerð sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum Borgarbyggðar og Náttúruverndar ríkisins kemur fram að ekki sé talin nauðsyn á mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Náttúruminjar

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdin muni raska Grábrókarhrauni, sem er landslagsgerð sem fellur undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og er það jafnframt á náttúruminjaskrá. Hraunið er mosavaxið og að hluta til kjarri vaxið. Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að litið sé á Grábrókargíga og hraunið sem frá þeim rann sem eina heild og að þeirri landslagsheild verði hlíft eins og kostur er við frekara raski. Um er að ræða merkar náttúruminjar sem hafa alþjóðlegt verndargildi. Því setur Náttúruvernd ríkisins þau skilyrði að Grábrókarhrauni verði ekki raskað utan við fyrirhugað vegstæði, þess verði gætt að vegurinn falli vel að landinu og að eftirlitsráðgjafi Náttúruverndar ríkisins á Vesturlandi annist eftirlit með framkvæmdinni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að skýrt sé tekið fram í útboðsgögnum fyrir verkið að ekki skuli raska vegstæði utan markaðra skeringa eða fyllinga og að því verði fylgt eftir af eftirlitsmanni Vegagerðarinnar. Vegurinn verði hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi en hæðarlega ákvörðuð þannig að sjónlengdir til beggja átta frá Hreðavatnsskála verði nægjanlega langar til að afkeyrsla af Hringvegi og akstur inn á Hringveg verði hættulaus. Þá verði eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins á Vesturlandi falið að annast það eftirlit með framkvæmdinni sem snúi að umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða færslu Hringvegur við Bifröst í Borgarbyggð á 400 m löngum kafla frá Bifröst að Hreðavatnsskála. Hámarksfjarlægð frá núverandi vegi verður um 50 m. Fyrirhugaður vegur mun liggja um Grábrókarhraun sem er á náttúruminjaskrá og einnig er hraunið landslagsgerð sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999. Samkvæmt 6. gr. og tl. 10 b í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfiáhrifum ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis, efnismagn utan skeringa er óverulegt og munu framkvæmdirnar ekki hafa verulegt rask í för með sér verði umgengni um svæðið með þeim hætti sem framkvæmdaraðili lýsir í útboðsgögnum, þ.e. að ekki skuli raska vegstæði utan markaðra skeringa og fyllinga. Þá munu sjónræn áhrif verða lítil enda verði vegurinn hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að samráð verði haft við Náttúruvernd ríkisins vegna framkvæmdanna.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð færsla Hringvegjar við Bifröst, Borgarbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997, m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við svæðisskipulag Mýrarsýslu 1998-2010 og gert er ráð fyrir henni í deiliskipulagi af Bifröst sem samþykkt var í janúar 2001.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. maí 2001.

Stefán Thors

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Borgarbyggð og Náttúruvernd ríkisins